UN WOMEN ÍSLAND

# ÁRSSKÝRSLA 2024



# ER ENN BAKSLAG Í JAFNRÉTTISMÁLUM?



UN Women/Ryan Brown

Í innganginum að ársskýrslu UN Women á Íslandi árið 2022 var fjallað um bakslagið sem orðið hafði í jafnréttismálum árin á undan. Fullyrt var að mikilvægi stofnunarinnar hefði aldrei verið meira en einmitt þá. Ári síðar voru efnistök inngangsins þau sömu; bakslagið átti þó ekki aðeins við um jafnréttisbaráttuna, heldur einnig um stöðu friðar og alþjóðasamvinnu. Það ár horfðum við upp á hvernig mannréttinda- og mannúðarstofnanir líkt og UN Women og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna voru gerðar að blórabögglum og að skotmarki afla sem höfðu það eitt að markmiði að draga úr mannréttindum ákveðinna hópa fólks.

Árið 2024, tveimur árum síðar, var staðan lítt skárri. Áfram var vegið að grundvallarmannréttindum kvenna og annarra jaðarsettra hópa um allan heim. Grafið var undan trúverðugleika alþjóðastofnana og félagasamtaka með markvissum hætti og um leið grafið undan stoðum lýðræðis.

Í nóvember 2024 birti UN Women niðurstöður nýrrar skýrslu um kvennamorð, sem eru hrottalegasta og grófasta birtingarmynd ofbeldis gegn konum og stúlkum. Skýrslan sýndi að hið minnsta 51.100 konur höfðu verið myrtar af maka, fyrrum maka eða nákomnum ættingja árið 2023, ein kona á tíu mínútna fresti. 86% kvenna og stúlkna í heiminum búa í ríkjum sem vernda þær ekki gegn kynbundnu ofbeldi. Gögn frá þremur ríkjum – Frakklandi, Suður-Afríku og Kólumbíu – sýndu að marktækur hluti kvenna sem myrtar voru af maka (22-37%) höfðu áður tilkynnt heimilisofbeldi til yfirvalda. Þetta bendir til þess að hægt hefði verið að koma í veg fyrir dauða fjölda kvenna ef gripið hefði verið til úrræða á borð við nálgunarbann strax í upphafi. Ein af hverjum fjórum unglingsstúlkum á heimsvísu hefur verið beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi í nánu sambandi fyrir 19 ára aldur. Fyrstu kynni margra stúlkna af nánu sambandi eru því lituð af ofbeldi í stað jafnræðis og umhyggju og er það mikið áhyggjuefni.

Ísland hefur verið efst á lista Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) yfir jafnrétti kynjanna í fimmtán ár samfleytt. Listinn metur stöðu kynjajafnréttis í 146 löndum út frá stjórnmálaþátttöku kvenna, atvinnutækifærum, heilbrigðismálum og tækifærum til menntunar og er Ísland eina ríki heims sem er með meira en 90 stig af 100. Á tímum þar sem vegið er að réttindum kvenna og stúlkna um allan heim er mikilvægt að Ísland haldi áfram að vera leiðandi í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi. Með samstöðu og djörfum ákvörðunum á öllum stigum samfélagsins gæti Ísland orðið fyrsta ríki heims til að ná jafnrétti að fullnustu og þar með skráð sig í sögubækurnar.

UN Women á Íslandi þakkar Ljósberum, samstarfsfyrirtækjum, stjórnvöldum og velunnurum fyrir stuðninginn árið 2024, án ykkar stuðnings væri allt okkar starf ógerlegt.

UN WOMEN ÍSLAND

UN Women á Íslandi
Sigtún 42 – 105 Reykjavík
Sími 552 6200
www.unwomen.is

Útgefandi: UN Women á Íslandi
Forsíðumynd: UN Women
Myndir: Anna Maggý, Valli, UNDP og Oxfam og myndir úr safni UN Women
Uppsetning: Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja

3 Ávarp utanríkisráðherra
4 Ávarp formanns
5 Fjáröflun
8 Vitundarvakning og fræðsla
11 Kynningarstarf og samfélagsmiðlar
12 Fyrirtækjasamstarf
13 Fjármál
14 Stuðningur utanríkisráðuneytisins við starf UN Women á Íslandi
16 English overview
17 Við erum UN Women á Íslandi



# ÁVARP UTANRÍKISRÁÐHERRA

Árangur jafnréttisbaráttunnar undanfarna áratugi hefur gefið okkur tilefni til að ætla að senn yrðu allir sammála því sem ég tel augljós sannindi, það að kynjajafnrétti er ekki einungis sjálfsögð mannréttindi, heldur grundvallarforsenda friðar og öryggis í heiminum. Peking-yfirlýsingin sem var samþykkt fyrir þrjátíu árum lagði þannig grunn að jafnréttisstarfi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og með ályktun öryggisráðsins númer 1325 um konur, frið og öryggi fimm árum síðar var mikilvægi þátttöku kvenna í öryggismálum og friðaruppbyggingu viðurkennt í fyrsta sinn.

Fyllsta ástæða er til að fagna þeim ávinningi sem hefur náðst. En um leið verðum við að gera okkur grein fyrir því að nú stöndum við skyndilega frammi fyrir alvarlegu bakslagi þar sem kynjajafnrétti - og mannréttindi minnihlutahópa - eiga enn á ný undir högg að sækja. Við lifum við mesta átakatíma innan alþjóðakerfisins frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Pólitísk þróun ýtir undir vaxandi sundrung og átök, bæði innan samfélaga og á milli þeirra. Við verðum sífellt oftar vitni að orðræðu sem einkennist af beinni og óbeinni andstöðu við kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks. Líka hér á Íslandi, því miður. Þessi orðræða nær til allra króka og kima okkar tilveru, og birtist með nýjum hætti í kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi í stafrænum heimi. Flest ríki heims eru í sömu sporum.

Við þessar aðstæður verðum við að spyrja okkur hvernig best eigi að mæta þessum áskorunum. Hvernig getur Ísland verið í fararbroddi sterkrar viðspyrnu gegn þróun sem hér hefur verið lýst?

Að mínu mati er mikilvægt að snúa vörn í sókn. Ísland hefur verið málsvari kynjajafnréttis og mannréttinda kvenna og stúlkna á alþjóðavettvangi í áratugi. Við þurfum að halda því áfram og gefa í, ef eitthvað er. Á okkur er hlustað vegna árangurs heimafyrir. Við segjum frá því hvernig jafnrétti hefur stutt við þróun íslensks samfélags sem býr við velmegun, frið og öryggi. Við deilum sýn okkar með öðrum og finnum til ábyrgðar gagnvart þeim sem enn búa við ójöfnuð og réttleysi. Hvert og eitt skref í átt að jafnrétti styrkir viðhorf sem einkennast af fordómaleysi og umburðarlyndi, þar sem fólk er metið að verðleikum óháð kyni, kynhneigð, kynvitund, húðlit, trú eða tungumáli.

Ísland leggur traust sitt á öflugt alþjóðakerfi. Við köllum eftir því að alþjóðalögum sé fylgt og alþjóðastofnanir séu virtar og skilvirkar. Ísland með Norðurlöndum og líkt þenkjandi ríkjum talar fyrir því að jafnrétti sé ekki einungis mannréttindi heldur uppspretta mikilvægra gilda á borð við fjölbreytni og jafnræði, sem skipti máli fyrir frið og þróun í öllum samfélögum.

Ísland hefur lagt áherslu á stuðning við alþjóðastofnanir á borð við UN Women, sem leikur mikilvægt hlutverk við að auka velferð, valdeflingu og þátttöku kvenna um allan heim. Hér heima höfum við stutt við og átt gott samstarf við Landsnefnd UN Women sem vinnur ómetanlegt starf á sviði kynjajafnréttis á Íslandi og sem hluti af alþjóðastarfi stofnunarinnar. Landsnefndin hefur skipað áberandi sess í íslensku samfélagi um árabil og er einn stærsti styrktaraðili verkefna UN Women á alþjóðavettvangi. Sem dæmi um samstarfsverkefni ráðuneytisins og Landsnefndarinnar á liðnu ári er rýnihópavinna með drengjum og körlum sem getur lagt grunn að nýrri nálgun til árangurs á heimavelli og alþjóðlega.

Skilaboð mín til UN Women og annarra sem láta sig varða mannréttindi og kynjajafnrétti eru þau að við megum ekki láta pólitíska öfga eða gamaldags hugmyndakerfi grafa undan árangri. Á þessu ári skulum við fagna mikilvægum áföngum í jafnréttisbaráttunni um allan heim, hér á Íslandi með Kvennaári til að minnast kvennaverkfallsins fyrir hálfri öld. Við skulum síðan, um leið og við þökkum þeim sem börðust í framvarðarlínu í upphafi jafnréttisbaráttunnar, taka höndum saman með þeim sem nú standa vaktina, ekki síst Landsnefnd UN Women á Íslandi, og horfa ótrauð fram á veginn.

Með hugrekki og kjark þeirra sem fyrst komu, með samstöðu og samvinnu okkar allra, grasrótar og stjórnvalda, getum við skapað betri og réttlátari heim – skref fyrir skref – í átt að fullu jafnrétti.

*Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, utanríkisráðherra.*



# ÁVARP FORMANNS

Árið 1975 var Kvennaár Sameinuðu þjóðanna og sama ár fór fram fyrsta kvennaverkfallið á Íslandi. Sama ár fæddist einnig mikill fjöldi stúlkna, um allan heim, á hverjum degi. Þessar stúlkur fengu mismikil tækifæri og frelsi. Sumar fengu að fara í skóla, aðrar ekki. Sumar fengu að æfa íþróttir og náðu hugsanlega að skara fram úr, aðrar fengu ekki það tækifæri. Sumar voru giftar á barnsaldri aðrar fengu að leika sér áhyggjulausar á leikvelli. Engin af þessum stúlkum var betri en hin, en lífsgæðunum misskipt. Er það bara heppni að vera fædd á Íslandi og vera ein af þeim sem fengu að æfa fótbolta og mennta sig, eiga vinkonur og mæta í félagsmiðstöðina? Á meðan í öðru landi var unglingsstúlka hneppt í hjónaband með manni, hugsanlega margfalt eldri en hún sjálf, og vera búin að eignast barn fyrir 14 ára aldurinn.

Fyrir okkur á Íslandi er í dag óhugsandi að stúlka á fermingaraldri fái ekki að ljúka menntun sinni því hún var þvinguð í hjónaband og eignaðist barn. Þetta er hins vegar sár raunveruleiki margra barnungra stúlkna í heiminum enn þann dag í dag. Í nýlegri skýrslu UN Women, Unicef og Plan international kemur fram að stúlkur í dag séu ólíklegri til að giftast undir 18 ára aldri, samanborið við fyrir 25 árum. Samt giftist 1 af hverjum 5 stúlkum í heiminum í æsku. Mestar framfarir hafa orðið í Suður Asíu á meðan Rómönsku Ameríku og Karíbahafi hafa litlar sem engar framfarir orðið á síðustu 25 árum. Í Malaví er tíðni þvingaðra barnahjónabanda með þeim hæstu í heiminum. UN Women vinnur að því að uppræta þvinguð barnahjónabönd í Malaví og víðar og styðja stúlkur aftur til náms. Þær eru með drauma eins og allar aðrar stelpur á þeirra aldri, en fá ekki að raungera þá sökum þeirra bágborinna aðstæðna sem þær fæðast í.

Ef við stöndum ekki vörð um réttindi stúlkna og kvenna þá verður afturför í jafnréttismálum og við sjáum þegar dæmi um bakslagið í réttindum kvenna og hinsegin fólks víða um heim. Við verðum að hafa hugrekki til að sporna við því. Það á ekki að skipta máli hvar í heiminum við erum fædd eða af hvaða kyni við erum. Mannréttindi eru fyrir öll – það á ekki að fara í manngreinarálit. Við eigum öll rétt á því að upplifa frelsi, sjálfstæði og taka ákvarðanir sem varða eigið líf. Við skiptum öll jafnmiklu máli, burtséð frá kyni, kynhneigð, þjóðerni, húðlit og trú, fjárhag eða hvaða starfi við gegnum. Öll jafn mikilvæg.

Þú getur lagt þitt af mörkum með því að gerast Ljósberi UN Women á Íslandi og taka þannig beinan þátt í að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum á heimsvísu og styðja þær til áhrifa á öllum sviðum.

*Anna Steinsen,*
*formaður stjórnar UN Women á Íslandi*



*Muhawenimana Giselle á akri sínum í Rubavu-héraði í Rúanda. Þar ræktar hún stangarbaunir. Mynd/UNDP*

# FJÁRÖFLUN

Eitt mikilvægasta hlutverk UN Women á Íslandi er að afla fjár til verkefna UN Women. Fjármagnið rennur fyrst og fremst í kjarnasjóð UN Women, sem síðan útdeilir fjármagni til verkefna um allan heim.

## Ljósberar

Mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women á Íslandi, Ljósberar, eru gríðarlega mikilvægir þar sem framlög þeirra eru stærsta tekjulind samtakanna. Þeir sýna í verki hversu mikilvægt það er að sameina krafta okkar í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og kynjamisrétti. UN Women á Íslandi er þakklátt fyrir að sjá slíka samstöðu og þann stuðning sem við fáum frá Ljósberum.

Um 90% af framlögum íslensku landsnefndarinnar fer beint í kjarnasjóð UN Women. En Íslenska landsnefndin hefur undanfarinn ár sent hæstu kjarnaframlög allra 13 landsnefnda, óháð höfðatölu. Það eru kjarnaframlögin sem gera UN Women kleift að ráðstafa fjármagninu mun betur fram í tímann og tryggja fjárhagslegan grunn verkefna UN Women um allan heim.

## Hvert fer styrkurinn frá Ljósberum?

- Neyðaraðstoð til kvenna á flótta og fjölskyldna þeirra
- Stuðningur við grasrótarsamtök um allan heim sem vinna í þágu kvenna og stúlkna
- Rekstur athvarfa fyrir þolendur ofbeldis
- Stuðningur við kvenkyns bændur í fátækustu ríkjum heims
- Sálræn aðstoð
- Verkefni sem styðja við réttindi kvenna og stúlkna

## Þróun framlaga

Á árinu 2024 nýskráðu 1.058 aðilar sig sem Ljósbera, meðalframlag nýskráninga var 2.430 kr. og var kynjahlutfallið nokkuð jafnt. Hlutfall afskráninga var hærra en á árinu á undan eða um 10% af heildarfjölda virkra Ljósbera í lok árs 2024. Skýringin á auknu brottfalli er að hluta til vegna uppfærslu á kerfum UN Women á Íslandi, aukinnar verðbólgu og þess að efnahagsstaða fólks versnaði í kjölfarið.

Þrátt fyrir brottfallið hækkuðu heildarframlög Ljósbera úr 194.232.815 kr árið 2023 í 197.707.051 árið 2024. Í lok árs 2024 var markmið UN Women á Íslandi að vera með 9.704 virka mánaðarlega styrktaraðila. Það markmið náðist og vel það, því mánaðarlegir styrktaraðilar voru 187 yfir upprunalega markmiðinu og voru 9.891 virkir Ljósberar í árslok.

## Úthringingar og götukynningar

Símaver UN Women á Íslandi fór almennilega af stað aftur í lok október, byrjun nóvember 2024. Frá þeim tíma og fram til loka árs náðu sölufulltrúar að nýskrá 173 einstaklinga og 202 Ljósberar hækkuðu framlag sitt.

UN Women á Íslandi keypti þjónustu frá TAKK, sem sá um götukynningar og úthringingar fyrir hönd samtakanna á meðan ekkert símaver var starfrækt innanhúss. Það komu 989 Ljósbera nýskráningar í gegnum símaver TAKK og götukynningar. TAKK tók einnig að sér þjónustusímtöl og voru 219 aðilar sem hækkuðu framlögin sín í kjölfar slíks símtals.

## FO-herferðin 2024

FO-húfan árið 2024 er blá með ljósbláu FO merki að framan. Salan á húfunum fór til UN Women í Súdan. Aflað var 8.118.170 króna. Öryggismiðstöðin fjármagnaði FO-herferðina og styrktu hana um 3.500.000 kr.

## Táknrænar gjafir og annar söluvarningur

Alls seldist varningur og táknrænar gjafir fyrir 9.680.553 kr fyrir utan FO herferðina. Um 8% af sölunni voru táknrænar gjafir sem gefur vísbendingu um að meirihluti kaupenda kjósi áþreifanlegar gjafir fram yfir táknrænar. Heildarsala á varningi árið 2024 var 17.798.723 kr.



*Ljósaganga UN Women á Íslandi var leidd af Sólveigu Guðmundsdóttur, leikkonu, og Stellu Samúelsdóttur, framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. Mynd/Valli*

# VITUNDARVAKNING OG FRÆÐSLA

UN Women á Íslandi hefur frá upphafi lagt mikla áherslu á að efla fræðslu til almennings um kynjajafnrétti og stöðu kvenna og stúlkna um allan heim. Þetta gerir UN Women á Íslandi með fyrirlestrum til fyrirtækja, viðburðum, skólakynningum, samstörfum og herferðum sínum. Árið 2024 var annasamt hjá UN Women á Íslandi, sem stóð fyrir fjölda herferða og fræðsluverkefna, og má þar helst nefna hina árlegu FO-herferð gegn kynbundnu ofbeldi, Ljósagöngu UN Women á Íslandi og hinum ýmsu viðburðum í samstarfi við Mannréttindahúsið. Þá tók framkvæmdastýra UN Women á Íslandi þátt í fjölda málstofa og viðburða fyrir hönd samtakanna. Má þar nefna kynningar fyrir UAK, þátttöku í viðburðum á vegum Mannréttindahússins, Læknadögum, nema í lögfræði í HR, nema í GRÓ Gest skólanum, sem og þátttöku í Reykjavík Global Forum.

## Neyðarsafnanir fyrir Gaza og Líbanon

Neyðarsafnanir eru ekki aðeins mikilvægt fjáröflunartól, heldur veita UN Women á Íslandi tækifæri til að fræða almenning um stöðu kvenna og stúlkna á átaka- og hamfarasvæðum. Tveimur neyðarsöfnunum var hrundið af stað í upphafi árs í þágu kvenna og stúlkna á Gaza og í Líbanon. Fjármunirnir gerðu UN Women á Íslandi kleift að styðja við neyðarverkefni UN Women í þágu kvenna og stúlkna í kjölfar árása Ísraelshers. UN Women á Íslandi, í samstarfi við auglýsingastofuna Pipar/TBWA, framleiddu og birtu stutta sjónvarpsauglýsingu, sem var ákall eftir vopnahléi, í kringum Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Henni var ætlað að vekja athygli á fordæmalausri stöðu mannúðarmála á Gaza og ýta undir ákall Sameinuðu þjóðanna eftir tafarlausu vopnahléi. Auglýsingin hlaut silfurverðlaun á ÍMARK-hátíðinni 2025.

## 8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og Ring the bell

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna fer fram 8. mars ár hvert. UN Women á Íslandi tók þátt í Ring the bell í sjöunda sinn í samstarfi við Nasdaq Iceland (Kauphöllina), Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og Samtök atvinnulífsins (tengiliður UN Global Compact). Ring the Bell er alþjóðlegt átak og er ætlað að hvetja kauphallir um allan heim til að vinna í átt að jafnrétti kynjanna á sínum mörkuðum því enn hallar töluvert á hlut kvenna þegar kemur að stjórnunarstöðum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum um allan heim. Alþjóðlegur þemi dagsins var „Fjárfestum í konum: Flýtum fyrir framförum“ (e. Invest in Women: Accelerate Progress) sem vísar í að valdefling og framgangur kvenna sé lykillinn að velsæld og hina augljósu þörf á að fjárfesta í verkefnum sem snúa að konum og stúlkum. Halla Tómasdóttir og Iða Brá Benediktsdóttir, aðstoðarbankastjóri Arion banka, hringdu bjöllunni í þágu jafnréttis árið 2024.

## Kvennaverkfallið

UN Women á Íslandi var hluti af framkvæmdanefnd Kvennaverkfallsins sem fram fór árið 2023 og tók þátt í undirbúningi og skipulagi viðburðarins. Til að fylgja eftir Kvennaverkfallinu 2023 og þeim kröfum sem þar voru settar fram, tóku um 50 félagasamtök úr ýmsum áttum höndum saman og blésu til sérstaks viðburðar í Bíó Paradís þann 24. október 2024. Markmið viðburðarins var að afhenda íslenskum stjórnvöldum kröfurnar og hafa þau frest til 24. október 2025 til að bregðast við þeim. Auk þess lýsti hópurinn því yfir að árið 2025 yrði Kvennaár og hefur kynningar- og fræðsluefni því tengdu fengið sinn sess á miðlum UN Women á Íslandi.

## Ljósaganga UN Women á Íslandi

Ljósaganga UN Women á Íslandi fór fram mánudaginn 25. nóvember kl. 17:00, á alþjóðlegum baráttudegi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi. Dagurinn markar jafnframt upphaf 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi sem UN Women á Íslandi er í forsvari fyrir ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands og fjölda annarra félagasamtaka. 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem hefst 25. nóvember

(á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi) og lýkur 10. desember, á alþjóðlega mannréttindadeginum.

Yfirskrift Ljósagöngunnar var Á 10 mínútna fresti er kona myrt af einhverjum sem hún þekkir og leiddi Sólveig Guðmundsdóttir, leikkona, gönguna ásamt Stellu Samúelsdóttur, framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. Harpan tónlistarhús, Háskóli Íslands og Hallgrímskirkja voru lýst upp appelsínugulum lit í tilefni dagsins, en appelsínuguli liturinn táknar framtíð án ofbeldis og er litur alþjóðlegs baráttudags gegn kynbundnu ofbeldi.

Yfirskrift alþjóðlega átaksins var Every 10 Minutes, a woman is killed. #NoExcuse. UNiTE to End Violence against Women. Áhersla átaksins var á kvennamorð (e. femicide) sem eru hrottalegasta og grófasta birtingarmynd ofbeldis gegn konum og stúlkum. Árið 2023 voru að minnsta kosti 51.100 konur myrtar af maka eða nákomnum ættingja, ein kona á tíu mínútna fresti. Kvennamorð eru framin um allan heim og ekkert ríki heims er undanskilið slíkum glæpum.

## Ungmennaráð starfsárið 2024-2025

Starfsár ungmennaráðs UN Women á Íslandi hófst með aðalfundi þann 9. apríl 2024 þar sem kosin var ný stjórn. Hún skipar eftirfarandi einstaklinga:

> *Védís Drótt Cortez forseti, Agnes Brynjarsdóttir varaforseti, Vigdís Kristín Rohlder gjaldkeri og ritari, Eygló Ruth Rohlder samfélagsmiðlafulltrúi og Embla Bachmann fræðslufulltrúi.*

Fundurinn hófst með myndatöku af nýrri stjórn eins og hefð er fyrir. Ungmennaráðið setti sér það markmið á árinu um að efla samfélagsmiðla og auka sýnileika sinn. Markmiðið var að fjölga fylgjendum á Instagram, TikTok og Facebook – sem tókst vel. Í mars var Instagram-reikningnum því miður lokað, og hefur ungmennaráðið unnið að því að fá hann opnaðan aftur. Það er þó ljóst að ráðið mun líklega þurfa að stofna nýjan reikning og hefja uppbyggingu frá grunni. Ungmennaráðið tók virkan þátt í FO herferð UNWÍ, m.a. með gerð efnis fyrir samfélagsmiðla, stuðningi við viðburðinn þann




*Vopnahlé var stutt auglýsing sem sýnd var á RÚV og var ákall eftir tafarlausu vopnahléi á Gaza.*

30. ágúst og þátttöku í sölu á pop-up mörkuðum.

Meðlimir ungmennaráðsins tóku þátt í nokkrum alþjóðlegum ráðstefnum á starfsárinu. Védís sótti ráðstefnuna Nordic-Baltic Youth Summit í Vilníus, Litháen, dagana 27.–29. september. Þá tók ungmennaráðið þátt í Nordic Youth Conference í Osló, 25.–27. október. Þar hélt ráðið bæði erindi og vinnustofu, auk þess sem Védís tók þátt í pallborðsumræðum. Ráðstefnan var afar árangursrík og skapaði víðtækt tengslanet. Ungmennaráðið hefur þegar fengið boð um þátttöku að ári. Agnes og Vigdís sóttu ráðstefnuna í A stronger Youth Movement í Kaupmannahöfn dagana 14. – 17. nóvember. Védís og Vigdís sóttu ráðstefnuna Climate and Biodiversity - Nordic youth seminar dagana 7.- 9. febrúar í Malmö, Svíþjóð. Í nóvember tók ungmennaráðið þátt sem sjálfboðaliðar á Reykjavík Global Forum í Hörpu. Védís sat í skipulagshópi ráðstefnunnar og stýrði teymi sjálfboðaliða. Þann 5. desember birtist grein eftir ungmennaráðið á Vísi í tengslum við alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Á starfsárinu hélt ungmennaráðið alls 18 kynningar, meðal annars í annað sinn á Spænsku hátíðinni í Háskóla Íslands.



*Ungmennaráð UN Women á Íslandi.*
*Frá vinstri:*
*Agnes Brynjarsdóttir, Vigdís Kristín Rohlder, Eygló Ruth Rohlder, Védís Drótt Cortez, Embla Bachmann.*

*Mynd/ Guðmundur Karl Jónsson*

# FO-HERFERÐ UN WOMEN Á ÍSLANDI

FO-húfan 2024 var hönnuð í samstarfi við fatahönnuðinn Helgu Lilju Magnúsdóttur sem hannar undir merkjunum Helicopter og BAHNS. Húfan var framleidd af VARMA og kemur í tveimur sniðum, sem „kollhúfa“ og sem hefðbundin húfa með einföldu uppábroti. Herferðin var styrkt af Öryggismiðstöðinni, sem stóð straum af öllum framleiðslukostnaði FO-húfunnar. FO-herferðin 2024 var til styrktar verkefnum UN Women í Súdan.

## Óttast að týna heilli kynslóð kvenna og stúlkna vegna áfalla

Stríðið í Súdan hefur stundum verið kallað gleymda stríðið. Vopnuð átök hafa geisað í ríkinu nánast linnulaust frá árinu 2003. Þann 15. apríl árið 2023 brutust út mjög hörð átök á milli SAF og RSF, sem berjast um völd í landinu, og standa þau átök enn yfir.

Að sögn UN Women hefur reynst erfitt að tryggja alþjóðlegt fjármagn í neyðar- og mannúðaraðstoð í Súdan vegna þeirra áralöngu vopnuðu átaka sem þar hafa geisað. Þó er staðan í Súdan sú að Sameinuðu þjóðirnar telja hana til stærstu mannúðarkrísu heims í dag. Meira en 11 milljónir hafa neyðst til að flýja heimili sín í kjölfar átakanna og vannæring er vaxandi vandamál í öllum héruðum Súdans.







*FO-herferð UN Women á Íslandi studdi við verkefni í Súdan. Mynd/Wyom Studios*

Sala á FO-húfunni 2024 aflaði 8.118.170 króna til verkefna UN Women í Súdan. Fjármagnið mun styðja við um 280 fatlaðar konur á flótta í Kassala-héraði í Súdan.

Verkefnið kallast Promoting the Resilience of Displaced Women and Girls with Disabilities and Enhancing Their Participation in Peace Efforts og er ætlað að styðja við fatlaðar konur á flótta og fjölskyldur þeirra. Lögð verður áhersla á að efla viðnámsþrótt fatlaðra kvenna á flótta, auka atvinnutækifæri þeirra, efla forvarnir gegn kynbundnu ofbeldi og auka aðgengi þeirra að mannúðaraðstoð. Þá munu þær hljóta sálrænan stuðning, læknisþjónustu, jafningjastuðning og aðkoma þeirra að friðarviðræðum verður tryggð. Verkefnið mun einnig styðja við vitundarvakningarátak sem hefur það markmið að vinna gegn fordómum í garð fatlaðra kvenna.



*Palestínsk kona gengur í gegnum flóttamannabúðir í Gaza. Mynd/UN Women*

# KYNNINGARSTARF OG SAMFÉLAGSMIÐLAR

Síðustu ár hefur mikil áhersla verið lögð á fréttaflutning og upplýsingagjöf í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla UN Women á Íslandi. Nú er það orðið svo að UN Women á Íslandi lítur á heimasíðu samtakanna sem öflugan gagnagrunn um verkefni UN Women á Íslandi og á heimsvísu.

UN Women á Íslandi sinnir einnig umsagnaskrifum vegna frumvarpa og þingsályktana sem stjórnvöld hyggjast leggja fram og sinnti því hlutverki áfram árið 2024. Þetta ár stóð UN Women á Íslandi einnig fyrir umfangsmikilli rýnihópavinnu með karlmönnum og drengjum um stöðu jafnréttis á Íslandi. Ætlunin er að nýta þá vinnu áfram í fræðsluefni á vegum samtakanna sem hefur það að markmiði að efla vitund karlmanna og drengja um þann hag sem samfélög hljóta af jafnrétti.

## Fréttaflutningur á vefsíðu og til fjölmiðla

Kynningarteymi UN Women á Íslandi sinnir fréttaskrifum inn á heimasíðu samtakanna, unwomen.is. Árið 2024 voru skrifaðar og þýddar 66 greinar um starf UN Women á Íslandi og á




*CreditInfo gefur út árlega Fjölmiðlaskýrslu þar sem umfjallanir um UN Women á Íslandi eru teknar saman. Minna var fjallað um samtökin árið 2024 en árið á undan. Mynd/CreditInfo*

heimsvísu og þær birtar á vefsíðunni. UN Women á Íslandi hefur síðustu tvö ár lagt aukna áherslu á að þýða og miðla áfram skýrslum frá UN Women um ýmis málefni.

UN Women á Íslandi átti í góðu samstarfi við fjölmiðla um verkefni samtakanna, ber þá helst að nefna fréttaflutning í kringum FO-herferðina og vegna Ljósagöngu. Umfjallanir um UN Women á Íslandi í íslenskum fjölmiðlum voru u.þ.b. 113 árið 2024, sem eru heldur færri umfjallanir en árið áður.




## Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar UN Women á Íslandi eru mikilvægir þáttur þegar kemur að því að miðla áfram efni frá höfuðstöðvum UN Women, halda upp á alþjóðlega daga og kynna starf UN Women á Íslandi. Samfélagsmiðlar UN Women á Íslandi ná til ólíkra hópa og nýtast vel í að halda umræðu líðandi stundar á lofti. UN Women á Íslandi er á Facebook, Instagram, LinkedIn, Youtube, Tik Tok og X (áður Twitter).

Viðvera á síðastnefnda miðlinum er þó orðin sama og engin þar sem hann fékk að víkja fyrir Tik Tok, en UN Women á Íslandi fóru inn á þann miðil sumarið 2024 þar sem sá nær betur til unga fólksins. UN Women á Íslandi hélt áfram að bæta við sig fylgjendum á öllum miðlum nema X (áður Twitter) og Facebook, sem helst í hendur við tilraunir UN Women á Íslandi til að ná til yngri fylgjenda, sem nota aðra miðla í meiri mæli.

Árið 2024 var viðburðaríkt bæði hér heima sem og á alþjóðlegum vettvangi. UN Women á Íslandi tók þátt í tveimur viðburðum í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna, þann 8. mars; Ring the bell viðburði í Kauphöllinni og góðgerðauppboði hjá Félagi kvenna í atvinnulífinu (FKA), ásamt því að styrkja árlegan friðarviðburð Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK. Í apríl stóðu samtökin fyrir neyðarherferð vegna stríðsátakanna á Gaza, sem þá höfðu staðið yfir í um 6 mánuði. Ólympíuleikarnir í París voru í brennidepli sumarið 2024 en í fyrsta sinn í sögu leikanna voru kynjahlutföll keppenda að mestu jöfn. Konum í íþróttum var gert sérstaklega hátt undir höfði, meðal annars í gegnum herferð frönsku landsnefndar UN Women, #She Shines, sem UN Women á Íslandi tók einnig þátt í á samfélagsmiðlum. Þá fór Reykjavíkurmaraþonið fram í ágúst að venju, en þetta árið voru 40 ár liðin frá því að Fríða Bjarnadóttir varð fyrst kvenna til að taka þátt í maraþoninu.

Í lok ágúst ýttu UN Women á Íslandi úr vör sinni árlegu FO-herferð, með sölu á nýrri FO-vöru. Að venju tók fjöldi þjóðþekktra einstaklinga þátt í herferðinni og var hún mjög áberandi á miðlum UN Women á Íslandi um haustið, þar sem blái liturinn var í forgrunni.

Önnur neyðarherferð fór í loftið í október, þá til að styðja við konur og stúlkur bæð í Gaza og Líbanon. Á samfélagsmiðlum var lögð áhersla á að vekja athygli á afleiðingum stríðsátaka á konur og stúlkur og hve mikilvægt það er að mæta sérstaklega þörfum þeirra þegar um neyðaraðstoð ræðir. Jólaherferð UN Women á Íslandi var í gangi samhliða 16 daga átakinu, þar sem sala á ilmkerti UN Women á Íslandi var í forgrunni, ásamt fleiri táknrænum gjöfum.

Fyrir utan hinar ýmsu vörður á árinu 2024 fylltu ýmsir tylli- og alþjóðlegir dagar og almennar færslur miðla UN Women á Íslandi. Færslurnar höfðu það að markmiði að lyfta upp röddum kvenna og stúlkna, fræða og vekja athygli á stöðu kvenna og starfi UN Women, bæði hér heima og erlendis, líkt og venja er.



*Hovtva Svitlana frá Úkraínu selur handgerð blóm. Hún hlaut stuðning til atvinnusköpunar frá UN Women í Úkraínu. Mynd/ ‚Professional Development'/Tetyana Topchyi*

# FYRIRTÆKJASAMSTARF

Á árinu 2024 átti UN Women á Íslandi í fjölbreyttu samstarfi við fyrirtæki, stór sem smá. Fyrst ber að nefna samstarfsverkefni í tengslum við jafnréttisátakið Kynslóð jafnréttis sem hófst árið 2021 og er stærsta jafnréttisátak sem UN Women hefur ráðist í frá upphafi. Meginmarkmið átaksins er að vinna að úrbótum á þeim sviðum sem halla mest á konur og stúlkur. Undir formerkjum þess hóf UN Women á Íslandi m.a. samstarf við Íslandsbanka og Hornstein og lauk því farsæla samstarfi á árinu. Íslandsbanki er jafnframt samstarfsaðili á sviði bankaþjónustu og gerir það samtökunum kleift að nýta söfnunarfé betur í þágu bættra réttinda og hagsmuna kvenna víðs vegar um heim. Bakhjarl FO-herferðarinnar í ár var Öryggismiðstöðin. FO-varningur ásamt öðrum varningi samtakanna var svo seldur á jólahlaðborði fyrirtækisins við góðar undirtektir starfsfólks.

Á árinu tóku UN Women á Íslandi og Iceland Collection by Berjaya höndum saman og gerðu með sér þriggja ára samstarfssamning. Um er að ræða samstarfsverkefni þar sem markmiðið er að stuðla að menningu jafnréttis innan hótelkeðjunnar og að afla fjár til verkefna UN Women um allan heim. Undanfarin ár hefur fjöldi ferðafólks sjaldan verið meiri sem sótt hefur Ísland heim og með þessu sameiginlega átaki er ætlun Iceland Hotel Collection by Berjaya og UN Women á Íslandi að ná til ferðafólks um mikilvægi jafnréttismála. Hótelkeðjan býður viðskiptavinum sínum að styðja við starf UN Women á Íslandi í gegnum bókunarvél og í gestamóttökum hótelanna og jafnframt er varningur samtakanna seldur í verslunum hótelanna. Samhliða samstarfssamningi undirritaði hótelkeðjan Jafnréttissáttmála UN Women sem er alþjóðleg yfirlýsing og samkomulag á vegum Sameinuðu þjóðanna er snýr að því að auka kynjajafnrétti á vinnustöðum. Í tengslum við Jafnréttissáttmálann mun UN Women á Íslandi koma að áframhaldandi fræðslu fyrir starfsfólk og stjórnendur Iceland Collection by Berjaya um jafnréttismál og tengd málefni en hjá félaginu er unnið öflugt fræðslustarf í málaflokknum.

Hugmyndin að March Forward-herferð UN Women á Íslandi varð til á árinu 2024 á kvennanefndafundi Sameinuðu þjóðanna (CSW) og er kvennaverkfallið 2023 kveikjan að henni. Viðskiptabankarnir Arion banki og Landsbankinn tóku höndum saman og gerðust fjárhagslegir bakhjarlar herferðarinnar og sýndu þannig í verki samstöðu og samtakamátt við að snúa við því bakslagi sem hefur átt sér stað í jafnréttismálum undanfarin ár. UN Women á Íslandi nutu stuðnings frá fleiri fyrirtækjum og hafa sjaldan eins mörg fyrirtæki keypt varning samtakanna. Öll framlög fyrirtækja, stór sem smá, skipta máli og hafa jákvæð áhrif á framþróun jafnréttis. Jákvæðu áhrifin framkallast ekki einungis á heimsvísu heldur hefur stuðningur við jafnréttismál jafnframt haft jákvæð áhrif á viðskipti, fyrirtækjamenningu og er fjárfesting í betri framtíð sem getur leitt til aukinnar samkeppnishæfni fyrirtækja og langtímaárangurs. Alls söfnuðust 22.594.131 kr. frá fyrirtækjum á árinu 2024 og færir UN Women á Íslandi öllum sínum frábæru samstarfsfyrirtækjum hjartans þakkir fyrir samstarfið.



*Róhingja stúlkur sækja námskeið á vegum UN Women í Cox´s Bazar flóttamannabúðunum í Bangladess. Mynd/UN Women*

# FJÁRMÁL

Heildartekjur UN Women á Íslandi lækkuðu um 142.141 krónur á milli ára og námu rúmlega 280 m.kr. árið 2024. Helstu breytingar milli áranna 2023 og 2024 voru að stakir styrkir lækkuðu verulega en árið 2024 voru aðeins tvær neyðarsafnanir. Framlög Ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna en framlag þeirra hækkaði milli ára um tæpar 3,5 milljónir og námu í heild tæplega 198 m.kr. Hækkunina má rekja til fjárfestingar frá Höfuðstöðvum en unnið var í samstarfi við TAKK og eigið úthringiver við að afla nýrra mánaðarlegra styrktaraðila. Árangurinn var þó undir væntingum en það má rekja til þess að illa gekk að manna götukynningar sumarið 2024 og úthringiver lá niðri vegna manneklu í hálft ár. Uppfærsla á öryggiskröfum kortafyrirtækis leiddi til þess að um 200 mánaðarlegir styrktaraðilar urðu óvirkir. Úthringiver komst aftur í virkni haustið 2024 og er unnið að því að endurvirkja þá styrktaraðila sem urðu óvikir.

Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum og sala á varningi nam 19.988.050 kr. og lækkaði nánast um 40% milli ára en það skýrist að stærstum hluta af stöku styrkjunum en einnig lækkuðu tekjur vegna vörusölu um 3,7

## Helstu tekjur og gjöld

| | |
|---|---|
| **TEKJUR** | |
| Söfnunarfé Ljósbera til verkefna UN Women | 197.707.051 |
| Annað söfnunarfé til verkefna UN Women | 19.988.050 |
| Félagsgjöld | 871.821 |
| Styrkir frá utanríkisráðuneyti | 15.000.000 |
| Styrkir frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti | 3.500.000 |
| Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi | 43.293.145 |
| **SAMTALS** | **280.360.068** |
| **ÚTGJÖLD** | |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | 103.498.635 |
| Kostnaður vegna fræðslu- og kynningarstarfs | 14.341.639 |
| Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður | 27.834.574 |
| **SAMTALS** | **145.674.848** |

## Framlög til verkefna UN Women

| | |
|---|---|
| Framlag í kjarnasjóð UN Women | 96.119.650 |
| Gaza | 1.609.731 |
| Súdan | 8.118.170 |
| Styrktarsjóður SÞ til afnáms ofbeldis gegn konum | 3.000.000 |

## Heildarframlag landsnefndar til verkefna UN Women **108.847.511**

UN Women er ein af áherslustofnunum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Á árinu 2024 námu heildarframlög utanríkisráðuneytis og landsnefndar rúmlega **494 milljónum króna**, þar af námu kjarnaframlög rúmlega 276 milljónum króna og eyrnamerkt framlög voru rúmar 218 milljónir króna.

m.kr milli ára. Rekstrartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir námu rúmum 61,7 m.kr, þar af komu 15 milljónir frá utanríkisráðuneytinu og 3,5 milljónir komu frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, en stærsti hlutinn kom frá höfuðstöðvum UN Women sem fjárfesting í fjáröflun samtakanna. Styrkir vegna March Forward á árinu 2024 voru 3. m.kr frá fyrirtækjum, 1,5 m.kr frá félags og vinnumarkaðsráðuneyti og fjárfesting frá höfuðstöðvum að fjárhæð 6.9 m.kr en samtals eru styrkir vegna March Forward 11,4 m.kr á árinu 2024.

Á árinu 2024 voru Ljósberar UN Women á Íslandi, líkt og undanfarin ár, undirstaðan að árangri samtakanna í fjáröflun, en langstærsti hluti framlaga UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá ljósberum eða um 90%. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf og rekstur skrifstofu nam 145.674.848 m.kr. sem var tæpra 8 milljón króna hækkun frá árinu áður. Kostnaður vegna March Forward á árinu var 5 m.kr. Á árinu 2024 urðu breytingar á starfsmannahaldi á skrifstofu samtakanna en haldið var áfram með breytingar á starfslýsingum starfa til að auka skilvirkni á skrifstofunni en sú vinna hófst á árið 2023.

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2024 lækkaði á milli ára og nam tæplega 109 m.kr. Framlögin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru hvað mest aðkallandi á árinu í gegnum kjarnasjóð UN Women. Sendir voru fjármunir til Gaza sem söfnuðust í neyðarsöfnun. Að vanda var stutt við hið mikilvæga starf Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum líkt og fyrri ár. Síðast en ekki síst runnu fjármunirnir sem söfnuðust í FO-herferðinni ársins 2024 til verkefna í Súdan.

Í lok árs 2024 var tekin ákvörðun í samráði við höfuðstöðvar UN Women að sent yrði 50% af söfnunarfé samtakanna til verkefna UN Women. Það er gert til að styrkja innviði samtakanna á Íslandi en kominn er tími á að endurnýja heima- og söfnunarsíðu samtakanna. Stjórn UN Women á Íslandi hefur undanfarin ár náð ágætum árangri í að byggja upp varasjóð, sem stendur í 12 milljónum, sem hægt er að nota ef bregðast þarf við áföllum í rekstri. Stjórn hefur hins vegar hug á að auka enn frekar við varasjóðinn á árinu 2025 og er sú ákvörðun í samræmi við stefnu stjórnar um ábyrgan rekstur, góða stjórnarhætti sem og áherslur höfuðstöðva UN Women.

## Framlög íslenskra stjórnvalda til UN Women

| | |
|---|---|
| UN Women - kjarnaframlag | 180.000.000 |
| UN Women jafnréttismál í Afganistan | 50.000.000 |
| UN Women Jórdaníu | 50.000.000 |
| UN Women Peace and Humanitarian Fund | 50.000.000 |
| UN Women – Masculinities – Engaging men and boys / HeForShe | 27.740.000 |
| UN Women‘s Leaders Network | 27.740.000 |
| **Heildarframlag stjórnvalda til verkefna UN Women** | **385.480.000** |



*Súdanskar konur sækja vatn. Mynd/UN Women*


*UN Women styður við atvinnusköpun Róhingja kvenna í Cox´s Bazar flóttamannabúðunum í Bangladess. Mynd: Courtesy of Oxfam/Istiak Karim*

# STUÐNINGUR OG SAMSTARF UTANRÍKISRÁÐUNEYTISINS OG UN WOMEN Á ÍSLANDI

Samstarf UN Women á Íslandi og utanríkisráðuneytisins nær aftur um áratugi og er stór ástæða þess að landsnefndin hefur getað sinnt sínu starfi, hefur stækkað og orðið öflugasta landsnefndin í fjáröflun fyrir mikilvæg verkefni UN Women á heimsvísu.

Málefnasamstarf ráðuneytisins og landsnefndar var margþætt að venju en í brennidepli var stuðningur við rýnihópavinnu með ungum strákum og karlmönnum og hvernig best er að ná til þeirra. Meginverkefni landsnefndarinnar voru einnig tengd kynningarmálum um starf stofnunarinnar í fátækari löndum heims og neyð, hvort sem var með fréttum á samfélagsmiðlum, kynningum í skólum, fyrirtækjum eða stofnunum eða þátttaka í ýmsum viðburðum og málstofum. Einnig átti sér stað mikið og gott samtal varðandi nýja aðgerðaáætlun stjórnvalda um konur, frið og öryggi.

Samstarf við fastanefnd Íslands til Sameinuðu þjóðanna í New York er ávallt farsælt hvað varðar málefnavinnu UN Women, en mjög reglulegt samtal á sér stað. Stuðningur fastanefndar við starf landsnefnda er gríðarlega mikilvægur.

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi skipaði eitt af fimm sætum sem íslensk borgarasamtök sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð skipta með sér í þróunarsamvinnunefnd. Nefndin sinnir ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgist með framkvæmd hennar. Í haustbyrjun tók framkvæmdastýra við formennsku í þróunarsamvinnunefnd, skipuð af utanríkisráðherra.

Framkvæmdastýra sat áfram í stýrihópi frjálsra félagasamtaka um konur, frið og öryggi innan NATO (e. NATO Civil Society Advisory Panel on Women, Peace and Security). Markmið hópsins er að koma fram með tillögur og hafa áhrif á stefnu NATO um konur, frið og öryggi. Á árinu 2024 var aðalvinna nefndarinnar að koma með tillögur að nýrri stefnu NATO um konur, frið og öryggi og að tryggja að aðildarríkin styddu við tilmæli nefndarinnar. Ný stefna NATO var samþykkt á leiðtogafundi NATO í Washington DC í Bandaríkjunum í júlí 2024. Í nýju stefnunni var tekið tillit til fjölda tillagna stýrihóps frjálsra félagasamtaka og er ný stefna mun framsæknari en fyrri stefnur.



*Mynd: Betty Eliza Pérez Valiente, 57, a Nahua Pipil Indigenous woman and leader of the Salvadoran National Indigenous Coordinating Council (CCNIS). Betty, is part of the UN Women-supported Violence Observatory, trains women on violence prevention in Indigenous communities. Mynd/UN Women*

# ENGLISH OVERVIEW

## Fundraising

One of the primary roles of UN Women Iceland is to fundraise in support of UN Women's global initiatives. The National Committee's main source of income comes from monthly donors, known as Ljósberar. Approximately 86% of the funds raised go directly to UN Women's core funds, which are essential for supporting the foundation of UN Women's programs worldwide. These core contributions are crucial for UN Women to fulfill its unique mandate, which includes normative support, UN system coordination, and on-the-ground programs.

In 2024, UN Women Iceland onboarded 1,058 new monthly donors, although around 10% of monthly donors cancelled their donations that year. This was partly due to the upgrade of UN Women Iceland's systems, increased inflation, and the economic landscape in Iceland. Despite these challenges, monthly donations increased from 194,232,815 ISK to 197,707,051 ISK between years, and the average contribution per person was higher, at 2,430 ISK. UN Women Iceland aimed to reach 9,704 monthly donors by the end of 2024, a goal that was successfully achieved, with 9,891 active monthly donors at the year's end.

UN Women Iceland's call centre became fully operational again in late October 2024. From that time until the end of the year, the in-house telemarketing team onboarded 160 new monthly donors, and 202 existing donors increased their monthly contributions. Additionally, UN Women Iceland outsourced face-to-face and telemarketing efforts to TAKK for a period. Through TAKK, 881 Ljósberar signed on, and 210 donors increased their donations via TAKK's telemarketing team.

Sales of UN Women Iceland's FO-merchandise in 2024 totaled 8,118,170 ISK. Overall, sales of merchandise and symbolic gifts amounted to 17,798,723 ISK. Symbolic gifts accounted for only 8% of UN Women Iceland's total sales in 2024, indicating that most customers prefer tangible gifts over symbolic ones.

## Advocacy

Advocacy is a crucial aspect of UN Women Iceland's work. The organization frequently participates in events, panel discussions, and seminars to share insights and information about UN Women's global initiatives and the importance of gender equality.

Throughout 2024, UN Women Iceland conducted several advocacy campaigns, including the annual Candlelight March on November 25th, the FO-campaign against gender-based violence, and various events co-hosted with Mannréttindahúsið.

## Emergency campaigns

Emergency campaigns are not only vital fundraising tools but also provide UN Women Iceland with the opportunity to educate the public about the importance of gender-responsive humanitarian aid and the gendered effects of conflict. At the start of 2024, two emergency fundraising campaigns were launched to support women and girls in Gaza and Lebanon.

The funds raised enabled UN Women Iceland to contribute to UN Women‘s humanitarian efforts in the region.

In collaboration with the advertising agency Pipar / TBWA, UN Women Iceland produced and aired a short television ad calling for a ceasefire. This ad was broadcast during the Eurovision Song Contest, aiming to raise awareness about the unprecedented humanitarian situation in Gaza and to echo UN Women‘s calls for an immediate ceasefire.

## International Women´s Day and Ring the Bell

UN Women Iceland participated in Ring the Bell for the seventh time in collaboration with Nasdaq Iceland, FKA and Samtök atvinnulífsins. Ring the Bell is an international initiative taking place on IWD each year. Its goal is to encourage stock exchanges around the world to support gender equality in the markets, as women are still significantly underrepresented in senior management positions in listed companies. The theme for 2024 was "Invest in Women: Accelerate Progress". Halla Tómasdóttir and Iða Brá Benediktsdóttir, deputy CEO of Arion Bank, rang the bell for equality in 2024.

## Candlelight March and 16 Days of Activism

UN Women Iceland's annual Candle-light March (Ljósaganga) took place on 25 November and kicks off the 16 Days of Activism against GBV. 25 November is the International Day for the Elimination of Violence against Women, and the 16 Days of Activism runs until 10 December, Human Rights Day. Every year, the campaign focuses on a specific theme and in 2024 it was Every 10 Minutes, a woman is killed. **#NoExcuse**. UNiTE to End Violence against Women. UN Women Iceland decided to stay true to that theme for its Candlelight March, which was led by actress Sólveig Guðmundsdóttir, who read a first-hand account from a survivor of intimate partner violence.

## FO-campaign

UN Women Iceland´s annual FO-campaign was in support of UN Women´s projects in Sudan. 8.118.170 million was raised through the FO-campaign. The funds transferred were allocated to a high-impact initiative to support 280 women and girls with disabilities from internally displaced populations (IDPs) and host communities. They are one of the most marginalized and underserved groups in the country.

The project, titled "Promoting the Resilience of Displaced Women and Girls with Disabilities and Enhancing Their Participation in Peace Efforts" responds to the challenges disabled women and girls face through designed interventions that focus on capacity-building in leadership, business management, GBV prevention, and gender-responsive humanitarian action; cash and livelihood support to strengthen economic independence; psychosocial support to improve mental well-being and resilience; inclusion of women and girls with disabilities in peacebuilding and political processes; enhanced coordination among organizations working on disability inclusion; and community engagement to shift harmful social norms within shelters and host communities.

## Youth Council

UN Women Iceland‘s youth council held its annual meeting on April 9, where a new board was elected. The youth council‘s board for 2024-2025 consists of Védís Drótt Cortez as president, Agnes Brynjarsdóttir as vice president, Vigdís Kristín Rohlder as treasurer and secretary, Eygló Ruth Rohlder as head of social media, and Embla Bachmann as head of advocacy and peer education.

The youth council actively participated in UN Women‘s annual FO-campaign, assisting during the launch event on August 30 and creating social media content. Members also attended numerous international conferences throughout the year. Védís attended the Nordic-Baltic Youth Summit in Vilnius, Lithuania, from September 27 to 29. The youth council also participated in the Nordic Youth Conference in Oslo in October. The conference was very successful and helped create an extensive network, with invitations already received for next year.

Members also attended A Stronger Youth Movement conference in Copenhagen in November, the Climate and Biodiversity - Nordic Youth Seminar in Malmö in February and volunteered at the Reykjavík Global Forum in Harpa. On December 5, an article by the youth council was published in Vísir in connection with the international 16 Days of Activism against Gender-Based Violence. Throughout the year, the youth council held a total of 18 presentations, including a second appearance at the Spanish Festival at the University of Iceland.

## Communications and Social Media

UN Women Iceland´s communications team is responsible for the National Committees' website and social media platforms. In 2024, at total of 66 news articles were written and published on unwomen.is. Media mentions of UN Women Iceland in Icelandic media totaled around 113 in 2024, significantly fewer than in 2023. UN Women Iceland also provides commentaries on bills and parliamentary resolutions that the government intends to submit and will continue to do so in 2024. This year, UN Women Iceland conducted extensive focus group work with men and boys on the state of gender equality in Iceland. The intention is to use this work in educational materials organized by the organization, aiming to raise awareness among men and boys about the benefits that societies derive from gender equality.

UN Women Iceland‘s social media accounts are integral for communicating content and information from UN Women headquarters, celebrating international days, and promoting the organization‘s work in Iceland. These accounts reach diverse groups and help keep current discussions alive. UN Women Iceland maintains a presence on Facebook, Instagram, LinkedIn, YouTube, TikTok, and X (formerly Twitter). However, its presence on X has become almost non-existent as the National Committee‘s focus shifted to TikTok. UN Women Ice-

land continued to gain followers on all platforms except X and Facebook, aligning with its efforts to reach younger audiences who prefer other media outlets.

## Private sector partnerships

UN Women Iceland‘s two-year Generation Equality partnership with Hornsteinn and Íslandsbanki concluded in 2024. The National Committee is immensely grateful for their partnership and support during these two years.

The FO-campaign was funded by Öryggismiðstöðin, which also sold UN Women Iceland’s merchandise during its Christmas dinner.

In 2024, UN Women Iceland and Iceland Collection Berjaya entered a three-year partnership aimed at promoting a culture of equality within the hotel chain and raising funds for UN Women projects worldwide. Customers are offered the chance to donate to UN Women Iceland through the hotel’s booking system.

Landsbankinn and Arion banki supported the National Committee‘s March Forward campaign. Although work on the campaign began in 2024, it wasn‘t launched until 2025.

A total of 22,594,131 ISK was raised from private sector partnerships in 2024. UN Women Iceland expresses heartfelt gratitude to all partners.

## Finance

UN Women‘s total income decreased by 142,141 ISK between years, amounting to just over 280 million ISK in 2024. The main changes between 2023 and 2024 were a significant decrease in one-off donations, as only two emergency fundraisers were launched in 2024. Donations from monthly donors remained the organization‘s main source of funding, increasing by nearly 3.5 million ISK to a total of almost 198 million ISK. This increase can be attributed to an investment fund from UN Women‘s Headquarters.

Individual giving, private partnerships, and merchandise sales amounted to 19,988,050 ISK in 2024, a decrease of almost 40% from the previous year, largely due to the drop in one-off donations. Income from sales also decreased by 3.7 million ISK between years. Operating income earmarked for fundraising and communications, as well as other grants, totalled over 61.7 million ISK. Of this, 15 million ISK came from the Ministry of Foreign Affairs, 3.5 million ISK from the Ministry of Social Affairs and Labour, and from UN Women‘s Headquarters. Grants for the March Forward campaign in 2024 included 3 million ISK from private partners, 1.5 million ISK from the Ministry of Social Affairs and Labour, and an investment of 6.9 million ISK from headquarters, totalling 11.4 million ISK for the campaign.

Monthly donors continued to be the foundation of UN Women Iceland‘s fundraising success in 2024, with around 90% of the organization‘s contributions to UN Women‘s projects worldwide coming from these donations. The costs for UN Women Iceland‘s fundraising efforts, advocacy, communications, and operations amounted to 145,674,848 ISK in 2024, an increase of almost 8 million ISK from the previous year. The cost of the March Forward campaign in 2024 was 5 million ISK. Staffing changes were made in 2024, including adjustments to job descriptions to enhance office efficiency.

## Government support

The cooperation between UN Women Iceland and the Ministry of Foreign Affairs spans decades and has been instrumental in enabling the National Committee to carry out its work, grow, and expand its initiatives. A part of this multifaceted collaboration, the ministry supported UN Women Iceland‘s focus group work with youth and men on gender equality.

The National Committee promoted UN Women‘s work in low-income countries through various channels, including social media posts, presentations in schools, companies, and institutions, as well as participation in events and seminars. Additionally, UN Women Iceland engaged in discussions on the government‘s new action plan on women, peace, and security, resolution 1325.

The Executive Director of UN Women Iceland held one of the five seats shared by Icelandic civil society organizations on the Development Cooperation Committee. This committee plays an advisory role in strategic decision-making on Iceland‘s long-term international development cooperation and monitors its implementation. In early autumn, the Executive Director was appointed chair of the committee by the Minister of Foreign Affairs. Additionally, the Executive Director continued to serve on the NATO Civil Society Advisory Panel on Women, Peace, and Security.

# VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI

## Starfsfólk UN Women á Íslandi 2024

Framkvæmdastýra: Stella Samúelsdóttir

Fjármála- og rekstrarstýra: Thelma Lind Jóhannsdóttir / Karítas Sara Hasler hóf störf í mars

Kynningarstýra: Sara McMahon

Leiðtogi samstarfs og sjálfbærnimála: Áslaug Ármannsdóttir

Leiðtogi í stafrænni markaðssetningu: Elva Hrönn Hjartardóttir

Verkefnastýra einstaklingsfjáröflunar: Hrafnhildur Vera Rodgers frá október 2024

Leiðtogi einstaklingsfjáröflunar: Hafþór Óli Þorsteinsson (apríl-október)

Fjáröflunarfulltrúi: Thelma Rut Elíasdóttir lét af störfum í apríl

Verkefnastýra fjáröflunar: Elín Ásta Finnsdóttir (í fæðingarorlofi frá maí)














## Stjórn UN Women á Íslandi 2024-2025

Formaður: Anna Steinsen

Varaformaður: Ólafur Elínarson

Gjaldkeri: Árni Matthíasson

Stjórnarmeðlimir:
Áslaug Eva Björnsdóttir,
Fida Abu Libdeh,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
María Rún Bjarnadóttir,
Jón Jónsson,
Sævar Helgi Bragason og
Védís Drótt Cortez (fulltrúi ungmennaráðs).

Stjórn UN Women á Íslandi er skipuð formanni auk níu stjórnarmeðlima. Stjórn er kosin til tveggja ára í senn á aðalfundi félagsins. Aðalfundur UN Women á Íslandi 2024 fór fram þann 17. apríl. Jón Jónsson tók sæti í stjórn árið 2024 í stað Ólafs Stephensen.

# ÞAKKIR

Anna Maggý

Arnar Gunnarsson

BioEffect

Birna Rún Eiríksdóttir

Iceland Hotel Collection by Berjaya

Elín Arna og Jordan

Eliza Reid

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið

Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Fiskmarkaðurinn

Friðrik Snær Friðriksson

Fyrirsætur í FO herferð

George Cazacu

Guðrún Ýr Eyfjörð (GDRN)

Guðmundur Birkir Pálmason (Gummi Kíró)

Gulli Arnar

Gæðabakstur

Hallgrímskirkja

Harpa tónlistarhús

Háskóli Íslands

Helga Lilja Magnúsdóttir

Hljóðkirkjan

HS Orka

IDÉ

Íslandsbanki

Jón Atli Benediktsson

Kaffitár

Landsvirkjun

Lava Cheese

Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja

LOFT Hostel

Ljósberar UN Women á Íslandi og aðrir styrktaraðilar

Make-Up Studio Hörpu Kára

Mammaðín (Elín Hall og Katla Njálsdóttir)

Mannréttindahúsið

Mikado

Óskaskrín

Pipar/TBWA

Prikið

Rafiðnaðarsamband Íslands

Rúnar Ómarsson

Sjóndeild

Sky Lagoon

Sólveig Guðmundsdóttir

Sætar syndir

TBWA/Helsinki

Unnur Andrea Einarsdóttir (Apex Anima)

Utanríkisráðuneytið

Valgerður Stefánsdóttir

Valgarður Gíslason

Varma

ÖBÍ réttindasamtök

Ölgerðin/Mist Iceland

Öryggismiðstöðin

66° norður

Þátttakendur í rýnihópum

Þórður Kristinsson

Þórdís Dóra Jakobsdóttir

Þórdís Reynisdóttir

UN WOMEN ÍSLAND
Sigtún 42, 105 Reykjavík
Sími 552 6200
www.unwomen.is